



Fjölbautaskóli Suðurlands
Vorönn 2025- Námsáætlun.

HÚSV3HU05

Húsaviðgerðir og breytingar
á eldri húsum. Bóklegur áfangi.

Kennari:	Lárus Gestsson (LG) larusgestsson@fsu.is
-----------------	---

Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um viðgerðir og breytingar á eldri byggingum og mannvirkjum úr tré og steini. Lögð er áhersla á mikilvægi þess að varðveita byggingarsögulegt gildi húsa á sama tíma og reynt er að koma til móts við kröfur nútímans um endingu, þægindi og brunavarnir með hliðsjón af lögum og reglum. Farið er yfir greiningu á fúa- og steypuskemmdum, endurnýjun á burðavirkjum, klæðningum, gluggum, hurðum og öðrum byggingarhlutum. Jafnframt lærir nemandinn um algenga breytingavinnu svo sem endurnýjun á gleri, smíði viðbygginga eins og glerskála, breytingar á þökum s.s. smíði þakkvista. Kennslan er aðallega bókleg. Lögð er áhersla á að nemandur kynnist raunverulegum endurbótum á friðuðum húsum með vettvangsferðum og kynningum á Byggðasafni Árnesinga. Gert er ráð fyrir tveimur vettvangsferðum á önn. Áfanginn er ætlaður verðandi húsasmiðum.

Undanfarar: HÚSA3HU09 og HÚSA3ÞÚ09

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- lögum og reglugerðum um húsafriðun og breytingar á húsum
- endurnýjun burðavirkja
- endurnýjun og viðhaldi á mannvirkjum
- öryggi og öryggisbúnaði við viðgerða- og breytingavinnu
- byggingarsögu tré- og steinhúsa á Íslandi
- notkun bárujárns í klæðningar hérlandis
- mismunandi eiginleikum efna til klæðninga utanhúss þ.m.t. bárujárn
- byggingarsögulegu gildi húsa og mannvirkja
- mikilvægi brunavarna við viðgerðir og endurnýjun
- reglum um öryggi og öryggisbúnað við viðgerða- og breytingavinnu
- skemmdum af völdum sveppa og skordýra í tréverki
- orsökum og afleiðingum tæringar og veðrunar á málum
- notkun bárujárns í klæðningar hérlandis

- uppbyggingu bárujárnsklæðninga og festingum
- frágangi bárujárns við mismunandi byggingarluta
- málun og viðhaldi bárujárnsklæðninga
- nýsmíði við eldri hús og endurnýjun á gleri
- smíði glerskála, svala, kvista, sólpalla og skjólveggja við eldri hús
- endurnýjun á gleri og útfærslur á glerjun hallandi byggingarluta
- mismunandi hurðakerfum í glerskálum og glervirkjum

Námsefni:

Ritið „**BYGGINGARARFURINN OG VARÐVEISLA GAMALLA MENNINGARMINJA**“ er uppistaðan í námsefni áfangans. Ritið verður aðgengilegt nemendum í heild sinni undir „efni“ í áfanganum í INNU.

Einnig verður annað efni tengt inn í kennsluna sem verður aðgengilegt á sama stað í INNU.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika nr	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
1 3	15-17 jan.	Kynning og innlagnir á verkefnum annarinnar. Farið yfir námsáætlun og hvað áfanginn gefur okkur í þekkingu.	
2 4	20-24 jan.	Farið yfir kafla 1 og 2 í ritinu Byggingararfurinn. Annað efni reifað með eftir þörfum.	
3 5	27-31 jan.	Farið yfir kafla 1 og 2 í ritinu Byggingararfurinn. Annað efni reifað með eftir þörfum.	
4 6	3-7 feb.	Farið yfir kafla 1 og 2 í ritinu „Byggingararfurinn“ Próf 1 tekið	Próf 1 opið í 60 mín á kennslutíma.
5 7	10-14 feb. 14 feb vorfrí nemenda.	Farið yfir kafla 3, 4 og 5 í ritinu „Byggingararfurinn“ Annað efni reifað með eftir þörfum.	
6 8	17-21 feb.	Farið yfir kafla 3, 4 og 5 í ritinu „Byggingararfurinn“ Annað efni reifað með eftir þörfum.	Vettvangsferð ?

7 9	24-28 feb. 28 feb miðannarmat.	Farið yfir kafla 3, 4 og 5 í ritinu „Byggingararfurinn“ Próf 2 tekið	Próf 2 opið í 60 mín á kennslutíma.
8 10	3-7 mars. 5 mars áfangamessa.	Farið yfir kafla 6,7 og 8 í ritinu „Byggingararfurinn“ Annað efni reifað með eftir þörfum.	
9 11	10-14 mars. 12 mars valdagur.	Farið yfir kafla 6,7 og 8 í ritinu „Byggingararfurinn“ Annað efni reifað með eftir þörfum.	
10 12	17-21 mars. 19 og 20 kátir dagar. 21 flóafár.	Farið yfir kafla 6,7 og 8 í ritinu „Byggingararfurinn“ Annað efni reifað með eftir þörfum.	
11 13	24-28 mars. 25 opið hús f/grunnskóla	Farið yfir kafla 6,7 og 8 í ritinu „Byggingararfurinn“ Próf 3 tekið	Próf 3 opið í 60 mín á kennslutíma.
12 14	31mars-4 apríl.	Farið yfir kafla 9,10,11 og 12 í ritinu „Byggingararfurinn“ Annað efni reifað með eftir þörfum.	
13 15	7-11 apríl.	Farið yfir kafla 9,10,11 og 12 í ritinu „Byggingararfurinn“ Annað efni reifað með eftir þörfum.	
14 16	12-21 apríl páskafri		
15 17	22-25 apríl. 24 apríl sumardagurinn fyrsti	Farið yfir kafla 9,10,11 og 12 í ritinu „Byggingararfurinn“ Annað efni reifað með eftir þörfum.	
16 18	28 apríl-2 maí. 1 maí verkalýðsdagurinn	Farið yfir kafla 9,10,11 og 12 í ritinu „Byggingararfurinn“ Próf 4 tekið	Próf 4 opið í 60 mín á kennslutíma.
17 19	5-9 maí.	Farið yfir kafla 9,10,11 og 12 í ritinu „Byggingararfurinn“ Annað efni reifað með eftir þörfum	Vettvangsferð ?
18 20	12-15 maí. 15maí síðasti kennsludagur	Farið yfir aðalatriði og tilgang áfangans.	

Sérreglur áfangans:

Próf eru eingöngu lögð fyrir í INNU, gert er ráð fyrir að nemendur vinni þau þar á stundatöflutíma eins og fram í kemur vikuplani í þessari námsáætlun.

Nemendur taka bókleg próf á sama tíma og vinna þau sem einstaklingar, hvert próf er opið í 60 mínútur í stundatöflutíma. Ef nemandi kemst ekki á prófatíma skal hann hafa frumkvæði að semja um nýjan prófatíma við kennara.

Í sérstökum tilfellum getur nemandi gert dreifnámssamning en verður þá að gera samkomulag við kennara um hvernig námi verður háttað.

Að öðru leiti gilda skólasóknarreglur FSu. um námið.

Sérstök áhersla er á að nemendur tileinki sér notkun á INNU kennslukerfinu okkar við nám sitt.

Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Verkefni 1. Ástundun í lok annar.	Raunmæting í kennslustundum samkvæmt skráningu í Innu, farið yfir d-samninga og notað við mat ef við á.	8 %
Verkefni 2. Þáttaka í vettvangsferðum	Símat tvisvar á önn Mat sést nánar í einkunnaþáttum verkefnis í INNU.	8 %
Bóklegt próf 1 Í viku 4 (6)	Kaflapróf úr kafla 1 og 2 í ritinu „Byggingararfurinn“ • Lagagrundvöllur fyrir verndun og varðveislu húsa og mannvirkja • Varðveisla menningarminja	24%
Bóklegt próf 2 Í viku 7 (9)	Kaflapróf úr kafla 3, 4 og 5 í ritinu „Byggingararfurinn“ • Friðuð hús og mannvirki • Friðlýsingar • Varðveisla og húsavernd	20%
Bóklegt próf 3 Í viku 11 (13)	Kaflapróf úr kafla 6, 7 og 8. í ritinu „Byggingararfurinn“ • Ágrip íslenskrar húsagerðarsögu • Stiklað um íslenska húsagerðarsögu Með áherslu á sunnlenskar byggðir eftir Árna Erlingsson.	20%
Bóklegt próf 4 Í viku 16 (18)	Kaflapróf úr kafla 9, 10, 11, 12 og 13. í ritinu „Byggingararfurinn“	20%

	• Gullinsnið • Forsmiðir á Eyrarbakka og Suðurlandi • Skrá yfir friðlýst hús og mannvirki í Árnessýsli og víðar • Gerðir húsa og byggingarhluta • Orðskýringar	
	Samtals	100%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Fjölbrautaskóla Suðurlands 2 janúar 2025.

Lárus Gestsson fagstjóri og kennari trédeild FSu.